

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd

Sent á netfangið: umsagnir@althingi.is

Reykjavík, 3. apríl 2024

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um tillögu til þingsályktunar um eignarrétt og erfð lífeyris, 147. mál

Með tölvupósti frá nefndar- og greinargerðarsviði Alþingis dagsettum 25. mars sl., var Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) send til umsagnar ofangreind tillaga til þingsályktunar, 147. mál.

Tillagan virðist fela í sér vilja til þess að hverfa frá núverandi lífeyrissjóðakerfi sem byggist að stórum hluta á samtryggingu og taka upp hreint séreignarfyrirkomulag. Samtrygging og skylduaðild að lífeyrissjóðum á rætur að rekja til kjarasamnings á almennum vinnumarkaði vorið 1969. Verkalýðshreyfingin hefur allar götur síðan þá talið þetta skref vera eitt hið merkasta í samanlagðri baráttusögu sinni á öldinni sem leið. Grunnildir skylduaðildar eru að tryggja launafólki eftirlaun til æviloka og vera öryggisnet gagnvart skakkaföllum hvenær sem er á lífsleiðinni. Lífeyrisréttindi í samtryggingardeildum eru eign sjóðfélaganna og lögvarin sem slík. Lífeyrisréttindi í samtryggingardeildum veita réttindi sem fólk öðlast á vinnumarkaði og gengur síðan að eftir atvikum með greiðslu ævilangs lífeyris, örorkulífeyris, makalífeyris eða barnalífeyris.

Kjarasamningar og gildandi löggjöf gera jafnframt ráð fyrir séreign sem almennt ávinnst með samningi um viðbótarlífeyrissparnað. Auk þess bjóða flestir lífeyrissjóðir sjóðfélögum sínum að ráðstafa hluta af 15,5% lágmarksiðgjaldi í séreign (tilgreinda séreign, frjálsa séreign og bundna séreign). Sjóðfélagar hafa val um það hvort þeir taki þátt í slíkum sparnaði, hver varsli hann og hvaða ávöxtunarleið er valin. Slík eign byggist ekki á samtryggingu og fellur því til maka og barna við fráfall sjóðfélaga.

Ísland hefur nú í þrígang tekið þátt í alþjóðlegri lífeyrisvísitölu sem ráðgjafarfyrtækið Mercer og samtökin CFA Institute standa að en vísitalan felur í sér samanburð lífeyriskerfa í yfir 40 ríkjum. Ísland hefur verið í efstu tveimur sætum en í þremur efstu sætum hafa auk Íslands verið Holland og Danmörk. Ein helsta skýringin fyrir því að íslenska kerfið fær háa einkunn er að hér ríkir samtryggingarkerfi alls launafólks með hárrí iðgjaldaprósentu auk tiltölulega ríflegs lífeyris frá ríkinu (Tryggingastofnun). Þótt íslenska kerfið hafi fengið góða einkunn þá komu einnig fram veikleikar sem mikilvægt er að greina nánar til að tryggja jákvæða þróun lífeyriskerfisins.


Nú er unnið að grænbók um íslenska lífeyrissjóðakerfið en þar gefst kjörið tækifæri til að rýna hvað betur má fara í núverandi kerfi. Undanfarin ár hafa einkum heyrst óánægjuraddir sem

beinast að samspili greiðslna úr lífeyrissjóðakerfinu gagnvart skerðingum á greiðslum almannatrygginga. Miklar tekjutengingar almannatrygginga hafa leitt til þess að almenningur telur ranglega að lífeyrisréttindi í samtryggingu séu ekki lögvernduð eign.

LL vilja minna á að aðilar vinnumarkaðarins, bæði á almennum vinnumarkaði og hjá ríki og sveitarfélögum, hafa við gerð kjarasamninga komið að mótun lífeyriskerfis landsmanna. Þegar á heildina er litið hefur tekist afar vel til og má ætla að svo verði áfram við mótun lífeyrissjóðakerfisins í framtíð. LL eru heildarsamtök lífeyrissjóða og er þeirra helsta hlutverk að gæta að hagsmunum sjóðfélaga. Því leggja samtökin ríka áherslu á mikilvægi þess að vel verði staðið að mótun löggjafar er varðar lífeyriskerfi landsmanna.

Virðingarfyllt,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða



Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri